

28. Amtsráðið veitti 25 kr. fyrir skriptir á fundinum og 12. kr. fyrir húsaleigu. **95**

29. Að þar til gefnu tilefni var tekið til umræðu hið svokallaða ritsímamál.

Eptir nokkrar umræður var samþykkt svolátandi tillaga með 6 atkvæðum gegn 3, þar á meðal amtsráðsmanns Dalamanna.

Amtsráðið skorar á stjórn og þing að leggja talsímaálmuna til Ísafjarðar svo, að sem flest kaupún á Vesturlandi komist í talsímasambandið jafn vel þótt það hafi meiri kostnað í för með sjer heldur en að álman verði lögð þá leið, sem stytzt er. Sjerstaklega lýsir amtsráðið því yfir, að það álitur óheppilegt að álman verði lögð um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, enda þó sú leið yrði talsvert kostnaðarminni, en aðrar leiðir um fjölbyggðar sveitir og kaupún.

Fleiri mál komu ekki til umræðu, gjörðabókin lesin og samþykkt.

Lárus H. Bjarnason.

Sigurður Jensson.      Ásgeir Bjarnason.      Fr. Bjarnason.  
Sæm. Halldórsson.      Þorvaldur Jakobsson.      Kristján Gíslason.  
Björn Bjarnarson.      Páll Stephensen.

Rjetta útskrift staðfestir

*Lárus H. Bjarnason.*

## Eptirrit

**96**

af gjörðabók Norðuramtsins.

Ár 1906, mánudag 11. júní var aðalfundur amtsráðsins í Norðuramtinu settur á Akureyri.

Á fundinum mættu, auk hins reglulega forseta, sýslumanns og bæjarfógeta Guðl. Guðmundssonar, þessir amtsráðsmenn:

Björn Sigfússon, hreppstjóri á Kornsa, fyrir Húnavatnssýslu;  
Ólafur Briem, umboðsmaður á Álgeirsvöllum, fyrir Skagafjarðarsýslu;  
Stefán Stefánsson, kennari, fyrir Eyjafjarðarsýslu, og  
Sira Árni Jónsson, prófastur á Skútustöðum, fyrir Suðurþingeyjarsýslu.

Fundurinn tók til meðferðar þessi málefni:

1. Forseti lagði fram ársreikninga eftirnefndra sjóða fyrir árið 1905, með tilheyrandi fylgiskjölum:

96

1. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
  2. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
  3. Prentsmiðjúsjóðs Norðuramtsins.
  4. Þúsund ára afmælisjóðs Eyjafjarðarsýslu.
  5. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
  6. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
  7. Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.
  8. Bókasafns Norðuramtsins.
- Amtsráðsmennirnir skiptu með sjer reikningum þessum til endurskoðunar.

## 2. Forseti lagði fram:

1. Reikning búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal fyrir árið 1905.
  2. Skýrslu um búnaðarskólann á Hólum í Hjaltadal árið 1905—06.
  3. Kirkjureikning Hólakirkju fyrir árið 1904, er endursaminn hefir verið samkvæmt fyrirragi amtsráðsins.
  4. Skýrslu sira Zófóníasar Halldórssonar um kennslu hans við Hólaskóla árið 1905—06.
- Amtsráðsmennirnir tóku reikningana með fylgiskjölum til endurskoðunar.

## 3. Forseti lagði fram:

1. Sýslusjóðsreikninga fyrir árið 1905 með fylgiskjölum úr öllum sýslum amtsins.
2. Sýsluvegareikninga fyrir árið 1905 með fylgiskjölum úr öllum sýslum amtsins.
3. Reikninga yfir brúarsjóðsgjaldið árið 1905 úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, með fylgiskjölum.

Jafnframt athugaði amtsráðið svör hlutaðeigandi sýslumanna við athugasemdir þær, er amtsráðið hafði á fundi 1905 gert við reikningana fyrir 1904, og taldi amtsráðið athugasemdunum fullnægt, en fal forseta að leita skýrari upplýsinga viðvikjandi athugasemdum amtsráðsins við reikning Eyjafjarðarsýslu 1903.

Hina framlögðu reikninga tóku amtsráðsmennirnir til athugunar og endurskoðunar.

4. Forseti lagði fram yfirlit yfir hag alþýðustyrktarsjóðanna við árslok 1905 úr öllum sýslum amtsins. Við hin framlögðu yfirlit fann amtsráðið ekki neitt að athuga.

Eignir sjóðanna við lok ársins 1905 eru þessar:

Í Húnavatnssýslu . . . . .	kr.	7697 18
- Skagafjarðarsýslu . . . . .	—	6652 47
- Eyjafjarðarsýslu . . . . .	—	6508 07
- Suðurþingeyjarsýslu . . . . .	—	5802 83
	Samtals kr.	26660 55

5. Forseti lagði fram og las upp eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna í amtinu á fundum þeirra: **96**

1. Húnavatnssýslu, aðalfundi dagana 12.—17. marz þ. á.
2. Skagafjarðarsýslu, aðalfundi dagana 26. febr.—3. marz þ. á.
3. Eyjafjarðarsýslu, aðalfundi dagana 5.—10. marz þ. á.
4. Suðurþingeyjarsýslu, aðalfundi dagana 27. febr.—3. marz þ. á.

Við fundargerðirnar fann amtsráðið ekki neitt að athuga. Að því leyti, er áfrýjað hefir verið úrskurði sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um eitt af málum þeim, er þar voru til meðferðar, svo og úrskurði sýslunefndar Skagafjarðarsýslu í einu máli, þá verða þau mál sjerstaklega tekin til athugunar af amtsráðinu.

6. Forseti lagði fram umsóknir um styrk úr jafnaðarsjóði til:

1. Kvennaskóla Eyfirðinga á Akureyri, dags. 2. apríl þ. á, ásamt reikningi skólans fyrir árið 1905, skýrslu um próf í skólanum og áætlun um tekjur og gjöld skólans 1906—07.
2. Kvennaskólans á Blönduósi, dags. 29. marz þ. á, ásamt eptirriti af reikningi skólans og ágrípsútskrift af sýslufundargerð 12.—17. marz þ. á., svo og skýrslum um kennslu við skólann og um próf við hann.

Amtsráðið samþykkti að veita skólum þessum styrk þannig:

1. Kvennaskóla Eyfirðinga á Akureyri kr. 600 00  
— samþykkt með 3 atkv. gegn 2.
2. Kvennaskólanum á Blönduósi kr. 400 00.

7. Forseti lagði fram brjef frá hreppsnefnd Torfalækjarhrepps, dags. 12. f. m., með þrem fylgiskjölum, þar sem hreppsnefndin hefur skotið undir úrskurð amtsráðsins ályktun sýslunefndar Húnavatnssýslu um útsvarskæru C. Hoepfners verzlunar á Blönduósi, og krefst hreppsnefndin þess, að úrskurður sýslunefndarinnar verði ónýttur, þannig að úrskurður hreppsnefndarinnar standi í gildi, eða til vara, að málinu verði vísað heim aptur.

Í sambandi við þetta mál lagði forseti fram brjef, dags. 23. marz þ. á., frá sýslunefndarmanni Vindhælishrepps, er greitt hefir ágreiningsatkvæði í máli þessu í sýslunefndinni, og gerir hann í þessu brjefi grein fyrir ástæðum þeim, er hann byggir ágreiningsatkvæði sitt á.

Amtsráðið álitur, að það sje nauðsynlegt, að tilgreindir sjeu samamburðarmenn og útsvör þeirra, þegar kært er yfir álagning aukaútsvars, og telur því úrskurði þá, er gengið hafa um mál þetta, ekki á formlega löglegum grundvelli byggða, þar sem kærandinn eigi hefir tilgreint neina einstaka gjaldendur í hreppnum til samamburðar, heldur aðeins í almennum orðum vísað til »annara verzlana« og »búenda« í hreppnum. Á fund hreppsnefndarinnar, þar sem mál þetta var úrskurðað, var heldur enginn kvaddur, að því er sjeð verður, nema kærandi, og mætti hann ekki.

Amtsráðið ónýtti því, með 4 atkv. gegn 1, hina gengnu úrskurði í máli þessu.

- 96** 8. Þá var framlagt brjef frá Birni Þorlákssyni í Kolgröf í Lýtingsstaðahreppi, dags. 4. þ. m., þar sem hann áfrýjar til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu á síðasta aðalfundi hennar um kæru hans yfir of háu aukauðsvari.

Þar sem eigi verður sjeð af skjölum þeim, er fyrir liggja, að neinn sá sje formgalli á meðferð þessa máls, er varða beri ónýting úrskurðarins, fann amtsráðið ekki ástæðu til að fella úrskurð sýslunefndarinnar úr gildi.

9. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir í 2 brjefum, dags. 10. marz þ. á., farið þess á leit, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu verði veitt leyfi til að taka að sjer ábyrgð á þurrabúðarláni handa Runólfi Jónssyni á Sauðárkróki, allt að 400 kr., og á láni, er Viðvíkur- og Hólahreppar hafa fengið úr Söfnunarsjóði til afrjettarkaupa, að upphæð 3000 kr.

Amtsráðið veitti hið umbeðna leyfi.

10. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir í brjefi 10. marz þ. á. farið þess á leit, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu verði veitt heimild til að taka lán til að koma upp sjúkrahúsi á Sauðárkróki, allt að 3000 kr.

Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessarar lántöku.

11. Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir farið þess á leit, að henni verði leyft að taka að sjer ábyrgð á þurrabúðarláni handa Kristjáni Jónssyni í Hvammi í Hrafnagilshreppi, allt að 400 kr., og ábyrgð til vara um næstu 5 ár á allt að 10,000 kr. tryggingarupphæð fyrir váttryggingarfjelag fyrir mótorbáta í Eyjafirði, með þeim skilyrðum, að samþykktum fjelagsins verði eigi breytt án samþykkis sýslunefndar og að árlegir reikningar fjelagsins sjeu lagðir fyrir sýslunefndina.

Ennfremur hefir sýslunefndin farið fram á, að henni verði leyft að taka ábyrgð á láni allt að 4000 kr. eil »rjómabús Svarfdæla«.

Amtsráðið veitti sýslunefndinni í Eyjafjarðarsýslu heimild til að taka að sjer hinar framangreindu ábyrgðir.

12. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefir í brjefi 3. apríl þ. á. farið þess á leit, að sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu verði veitt leyfi til að taka að sjer ábyrgð á allt að 7000 kr. láni handa trjesmiðafjelaginu »Fjalar« á Húsavík, gegn trygging í eignum fjelagsins, og sje húseigninni haldið váttryggðri fyrir að minnsta kosti 9000 kr. og sýslunefndinni tryggt eptirlit í þessu efni o. s. frv.

Amtsráðið veitti hið umbeðna leyfi, með skilyrðum þeim, er sýslunefndin hefir sett.

13. Sýslumaður Þingeyjarsýslu hefir fyrir hönd sýslunefndar Suðurþingeyjarsýslu óskað þess í brjefi 3. apríl þ. á., að sýslunefndinni verði leyft að veita hjeradslækni Ingólfi Gíslasyni viðbótarlán 850 kr. til 17 ára til húsbýggingar á læknessettrinu, eða ganga í ábyrgð fyrir slíkt lán.

Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa.

14. Samkvæmt tillögum sýslunefndar Suðurþingeyjarsýslu á síðasta aðalfundi samþykkti amtsráðið, að taka skuli í tölu sýsluvega veginn »frá þjóðveginum sunnan við Breiðumýri inn Reykjadal að Stórugróf«.

15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 26. marz þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndar Skagafjarðarsýslu fer fram á, að fá útborgaðar þær 1500 kr., sem amtsráðið á síðasta aðalfundi hafði ráðgert að taka að láni, til þess að veita upphæðina sem styrk til byggingar sjúkrahúss á Sauðárkróki, og fylgdi brjefinu eptirrit af af ályktun sýslunefndarinnar um málið, þar sem skýrt er frá, að samningur um bygging hússins sje þegar fullgerður og ráðstafanir gerðar til að útvega það fje, er að öðru leyti vantar, en sýslunefndin hefir lýst yfir, að sýslufjelagið taki að sjer sjúkrahúsið til eignar og reksturs, þegar það er fullgert.

Í sambandi við þetta mál lagði forseti einnig fram brjef dags. 12. f. m. frá sýslumanni Húnavatnssýslu, þar sem hann fyrir hönd sýslunefndar Húnavatnssýslu fer þess á leit, að veittur verði sem riflegastur styrkur úr jafnaðarsjóði til byggingar sjúkraskýlis á Blönduósi, og fylgdi brjefinu eptirrit af ályktun sýslunefndarinnar á síðasta aðalfundi um þetta málefni.

Amtsráðið álitur í þessu efni hið rjettlátasta, að sýslurnar í amtinu fái sem jafnastan styrk til þess að koma upp sjúkrahúsum hjá sjer, og með hinum sömu skilyrðum um framlag frá hjeraðanna hálfu. Að því er Skagafjarðarsýslu snertir, þá samþykkti amtsráðið að borga út hina veittu upphæð og taka til þess bráðabirgðarlán hjá búnaðarsjóði Norðuramtsins til næsta árs.

Að því er Húnavatnssýslu og Suðurþingeyjarsýslu snertir, þá ráðgerir amtsráðið að svipuð styrksupphæð til þeirra verði greidd af eignum amtsins, þegar endanleg ákvörðun verður tekin um ráðstöfun þeirra á næsta ári. Til Eyjafjarðarsýslu hefir 1898 verið veittur styrkur til spítalans á Akureyri.

16. Þá var framlagt brjef frá Sigfúsi Jónssyni að Mælifelli, dags. 28. f. m., þess efnis, að amtsráðið fari þess á leit, að veittur verði af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans styrkur til viðgerðar á vegarkafli á Kjalvegi frá Fremri Kálfárdalslæk að sýsluveginum hjá Mælifelli.

Málaleitun þessari samþykkti amtsráðið að visa til stjórnarráðsins með þeirri athugasemd, að hjer mun vera að ræða um vegabót á fjallvegi, sem ætlað er fje til úr landssjóði. Amtsráðið mælir með því, að nægilegt fje verði varið til umbóta á hinum nefnda fjallvegarkafli.

17. Forseti lagði fram umsókn um styrk til gistihúss í Bakkaseli frá hinum núverandi ábúanda jarðarinnar Jónasi Bjarnasyni, dags. 7. þ. m. Ennfremur var framlagt erindi frá brjefhirðingarmanni á Þverá í Öxnadal, Stefáni Bergssyni, dags. 30. f. m., og fylgdi því brjef til stjórnarráðsins um þetta mál, dags. s. d. — Jafnframt skýrði forseti amtsráðsins frá, að hann hefði eptir atvikum eigi talið rjett að synja um útborgun styrksins fyrir síðastliðið ár, jafnvel þó að kvartað hafi verið munnlega nm nokkrar misfellur á gistihúshaldinu. Við þetta fann amtsráðið ekki að athuga.

Að því er snertir styrk til gistihúshaldsins framvegis, þá tekur amtsráðið fram, að það álitur alveg nauðsynlegt, að haldið sje uppi gistihúsi í Bakkaseli og telur óráðlegt að flytja það fjær Öxnadalshéiði. Að því leyti, er nokkrar misfellur hafa verið á gistihúshaldinu, sjerstaklega hið síðasta ár,

96

þá stafar það, að mestu leyti í öllu falli, af sjúkleika þess manns, er hefir haft gistihúsið á hendi til þessa. — Amtsráðið samþykkti að veita, með sömu skilyrðum og að undanfögnu, 100 kr. til gistihúshalds í Bakkaseli, móts við 100 kr. úr landssjóði, og fal forseta að gera ráðstafanir til, að eptirlit verði haft með því, að skilyrðunum um gistihúshaldið sje fullnægt.

18. Forseti lagði fram brjef bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar 12. des. f. á., þar sem bæjarstjórnin samþykkir að taka að sjer »Bókasafn Norðuramtsins«, með skilyrðum þeim, sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi amtsráðsins, en fer þess á leit, að amtsráðið viki að nokkru leyti við hinum settu skilyrðum, sjerstaklega því, að byggt sje eldtraust geymsluhús yfir safnið.

Ennfremur lagði forseti fram yfirlit yfir skuldir safnsins við árslok 1905 frá fjehirði bókasafnsins, og eru þær að upphæð kr. 627,51. Skýrði forseti jafnframt ráðinu frá, hvað í máli þessu hefir gerzt og afstöðu þess nú.

Viðvikjandi þessu málefni tók amtsráðið svofelldar ályktanir:

1. Amtsráðið samþykkti að veita bæjarstjórninni þá tilslökun að því er skilyrðin snertir um húsbýgginguna, er hún hefir farið fram á.
2. Uppí skuld þá, er á bókasafninu hvílir, samþykkir amtsráðið að af fjárveiting þeirri, er áætluð var á aðalfundi f. á., mætti greiða 300 kr. Af sömu fjárveiting veitti amtsráðið 100 kr. til sýslubókasafns Skagafjarðarsýslu og 100 kr. til sýslubókasafns Suðurþingeyjarsýslu. Ennfremur voru veittar 100 kr. til sýslubókasafns Húnavatnssýslu, svo framarlega sem það verður stofnað fyrir amtsráðsfund 1907.
3. Andvirði húshluta þess, er amtsráðið á í ráðhúsinu á Akureyri, var samþykkt að verja mætti til að kaupa bókaskápa og önnur áhöld til safnsins.

Afsalsbrjef fyrir húseigninni var forseta falið að undirskrifa fyrir amtsráðsins hönd.

19. Viðvikjandi búnaðarskóla Norðuramtsins á Hólum í Hjaltadal skýrði forseti amtsráðinu frá því, er nú segir:

1. Kennarasýslanin við búnaðarskólann, sem 3. kennari, var 27. sept. f. á., samkvæmt tillögu skólastjóra, veitt Sigurði Sigurðssyni frá Eiðum og hefir honum auk hinna ákveðnu launa verið veitt 50 kr. uppbót fyrir hið liðna ár.
2. Bústjóri Geirfinnur T. Friðfinnsson hefir með brjefi 27. sept. f. á., til tryggingar fyrir skilum á búinu á Hólum í Hjaltadal, ásamt jörðinni Hólum með húsum í fullgildu standi, veðsett amtsráðinu jarðirnar Syðri Hól í Hálshreppi og Hvamm í Grýtubakkahreppi.

Amtsráðið samþykkti að meta þessa tryggingu fullnægjandi.

3. Samkvæmt tillögum skólastjóra í brjefi 11. jan. þ. á. hafði forseti ákveðið með brjefi 26. s. m., að allt að helmingi af námsstyrk þeim, er veittur var til skólans, mætti verja til verðlauna fyrir beztar ritgerðir í jarðyrkju- og húsdýrafræði og fyrir framfarir og ástundun við skólanámið, samfara góðri hegðun og siðprýði í skólanum.

Amtsráðið samþykkti þetta.

4. Með brjefi 17. marz þ. á. hafði forseti tjáð bústjóranum á Hólum í Hjaltadal sem svar uppá fyrirspurnir hans í brjefi 23. febr. þ. á., að þetta ár

mundi honum eigi heimilt að verja meiru fje til jarða- og húsabóta á Hólum, en áskilið er í leigusamningi hans, og að hann mundi geta fengið keyptan leygupening, er hann bað um, eptir virðingu 14. maí 1905.

Amtsráðið fann ekki við þetta að athuga.

5. Viðvikjandi eptirstöðvum af skuld Flóvents Jóhannssonar fyrverandi bústjóra á Hólum kr. 299,74 skýrði forseti frá, að hann hefði neitað að greiða þessa upphæð, og væri því eigi um annað að gera en að sækja hann að lögum til greiðslu á þessari upphæð eða að öðrum kosti láta kröfuna falla niður.

Amtsráðið fal forseta að gera gangskör að því, að innheimta þessa upphæð með lögsókn, ef þess gerist þörf.

6. Með brjefi 18. jan. þ. á. hafði stjórnarráðið lagt fyrir forseta að gera þær undirbúningsráðstafanir, er nauðsynlegar væri viðvikjandi afhending búnaðarskólans á Hólum, samkv. lögum um bændaskóla 10. nóv. f. á. 8. gr.

Útaf því efni ritaði svo forseti 17. marz þ. á. til stjórnarráðsins, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og amtsráðsmanns Skagafjarðarsýslu um dómkvaðning manna og framkvæmd á nauðsynlegum matsgerðum til undirbúnings afhendingar, er ráðgert var að færi fram á þessu vori. En með brjefi 9. apríl þ. á. skýrði stjórnarráðið forseta frá, að þar sem það væri orðið að samningum milli stjórnarráðsins og forseta Suðuramtsins, að afhending búnaðarskólans á Hvanneyri færi eigi fram fyr en í fardögum 1907, þá óskaði stjórnarráðið þess, að ráðstafanir til undirbúnings afhendingar á Hólaskóla yrðu miðaðar við fardaga 1907.

Hin ofangreindu brjef voru framlögð og öll lesin upp fyrir amtsráðinu. Við þessar framkvæmdir forseta fann amtsráðið ekki neitt að athuga og ljét í ljós, að það væri samþykkt meginatriðum í samningnum um afhending búnaðarskólans, er tekin eru fram í brjefi forseta til stjórnarráðsins 17. marz þ. á., og þeim undirbúningsráðstöfunum, sem þar eru ráðgerðar.

20. Þá var framlagt brjef frá Sigurði Sigurðssyni, 3. kennara á Hólum í Hjalta-  
dal, dags. 9. þ. m., þar sem hann fer fram á, að laun hans við skólann verði hækkuð úr 400 kr. uppi 600 kr. Amtsráðið samþykkti að hækka laun umsækjanda uppi 500 kr.
21. Framlagt var brjef dags. 11. þ. m. frá Steingrими Stefánssyni, þar sem hann fyrir hönd svonefnds »Hólamannafjelags« sækir um 150 kr. styrk til að koma á fót undirbúningskennslu undir Hólaskóla. Í þessu skyni veitti amtsráðið 100 kr.
22. Skólastjóri búnaðarskólans á Hólum, Sigurður Sigurðsson, hefir í brjefi 11. þ. m. farið þess á leit, að honum verði leyft að ferðast til útlanda næsta vetur og veittur nokkur styrkur til utanfarar, þar sem hann ætlar að afla sjer fróðleiks um kennslutilhögun á búnaðarskólum erlendis, auk fleira, er að bún-  
aði lýtur.

Amtsráðið veitti hið umbeðna utanfararleyfi, með því skilyrði, að skólastjóri setji í sinn stað mann, er forseti amtsráðsins tekur gildan. Amts-

96

ráðið veitti umsækjanda 300 kr. styrk til ferðarinnar, og greiðist 200 kr. úr jafnaðarsjóði, en 100 kr. af vöxtum búnaðarsjóðs.

23. Þá voru framlagðir aptur reikningar þeir, er taldir eru undir tölul. 1., endurskoðaðir af amtsráðsmönnunum.

Reikningarnir voru úrskurðaðir þannig:

1. Jafnaðarsjóður Norðuramtsins: Samþykktur án athugasemda.  
Eign við árslok kr. 134,71.
2. Prentsmiðjusjóður Norðuramtsins: Samþykktur án athugasemda.  
Eign sjóðsins við árslok kr. 2809,79.
3. Búnaðarsjóður Norðuramtsins: Samþykktur án athugasemda.  
Eign við árslok kr. 3224,90.
4. Þúsund ára afmælistjóður Eyjafjarðarsýslu: Samþykktur án athugasemda.  
Eign við árslok kr. 1372,75
5. Búnaðarsjóður Eyjafjarðarsýslu: Samþykktur án athugasemda.  
Eign við árslok kr. 1692,52.
6. Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað: Samþykktur án athugasemda.  
Eign við árslok kr. 3631,83.
7. Gróðrarstöðin á Akureyri: Samþykkt án athugasemda.  
Eign við árslok kr. 177,64.
8. Bókasafn Norðuramtsins: Sundurliðaðan reikning fyrir bókband vantar.  
Skuld við árslok kr. 627,51.

24. Þá voru framlagðir aptur reikningar þeir, er taldir eru undir tölul. 2., endurskoðaðir af amtsráðsmönnunum, og voru þeir úrskurðaðir þannig:

1. Búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 1905:  
Við gjaldlið 7, 2 kr. teljast til áb.  
Skuld við árslok kr. 657,98.
2. Dómkirkjunnar á Hólum í Hjaltadal 1904: Við reikninginn fannst ekki að athuga. Tekjuafgang ársins 41 kr. 62 a. ber kirkjuhaldara að greiða.

25. Þá voru framlagðir aptur reikningar þeir, er taldir eru undir tölul. 3., endurskoðaðir af amtsráðsmönnunum, og voru þeir úrskurðaðir þannig:

1. Sýslusjóðsreikningar:
  - a. Húnavatnssýslu: Samþykktur án athugas.  
Eignaskýrslan ætti að vera í einu lagi um eignir og skuldir sýslufjelagsins í heild sinni.
  - b. Skagafjarðarsýslu: Amtsráðið álitur, að kostnaður við miltisbruna eigi að greiðast úr landssjóði.  
Reikn. að öðru leyti samþ. án aths.
  - c. Eyjafjarðarsýslu: Samþykktur án aths.  
Eignaskýrslu vantar.
  - d. Suðurþingeyjasýslu: Samþ. án aths.
2. Sýsluvegareikningar:
  - a. Húnavatnssýslu: Samþ. án aths.
  - b. Skagafjarðarsýslu: Samþ. án aths.

- c. Eyjafjarðarsýslu: Samp. án aths.  
d. Suðurþingeyjarsýslu: Samp. án aths.

## 3. Brúarsjóðsreikningar:

- a. Húnavatnssýslu: Samp. án aths.  
b. Skagafjarðarsýslu: Samp. án aths.

26. Forseti skýrði frá, að hann hefði útborgað af vöxtum »Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins« 2 nemendum á gagnfræðaskólanum á Akureyri: Gísla Bjarnasyni og Þorsteini Stefánsyni, og 2 námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirðinga á Akureyri: Guðbjörgu Hjartardóttur og Þóru Guðmundsdóttur, 27 kr. hverjum. Amtsráðið samþykkti þetta.

27. Eignir þær, er amtinu tilheyra nú, eru þessar:

1. Búnaðarsjóður . . . . .	kr.	3224 90	
2. Eignir amtsins á Hólum í Hjaltadal, metið 1905 . . . . .	—	50097 74	
			kr. 53322 64

Eignir þessar eru:

- a. Jörðin Hólar með hjál.  
b. Skólahús.  
c. Önnur íbúðar-, geymslu- og peningshús.  
d. Bú og búsaðhöld.  
e. Skólaáhöld, og auk þessa:  
f. Dómkirkjan á Hólum, með öllu, er henni fylgir, sem ekki er talin í matsupphæðinni.

3. Gróðrarstöðin á Akureyri.  
4. Peningaskápar 2; Stjórnartíðindi 1874—1905.  
5. Skjöl og embættisbækur.

28. Skuldir þær, er hvíla á amtinu, eru þessar:

1. Spítalalán úr landssjóði: Eptirstöðvar . . . . .	kr.	450 00	
2. Lán Hólaskóla:			
a. Í landssjóði . . . . .	—	2625 19	
b. Í Ræktunarsjóði . . . . .	—	16126 17	
			kr. 19201 36

Af upphæð þessari verða borgaðar eptirstöðvar af láni spítalans 450 kr. og á árinu 1906 nál. 450 kr. uppi skuld Hólaskóla. Skuldir amtsins verða því um næstu fardaga nál. kr. 18300,00 alls.

Samkvæmt framangreindu ætti því eign amtsins að verða í fardögum 1907 nál. 53300 kr., en skuldir þess nál. 18300 kr. Auk þess má gera ráð fyrir, að nokkur tekjuafgangur verði í jafnaðarsjóði og sjóði Hólaskóla.

## 96 29. Var samin og samþykkt svohljóðandi

## Áætlan

um tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 1. jan.—6. júní 1907:

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á. . . . .	kr.	500 00
2. Styrkur úr landssjóði . . . . .	—	4500 00
3. Afgjald af Hofi og leigur af innstæðu . . . . .	—	900 00
4. Búnaðarskólagjald . . . . .	—	870 00
	Samtals	kr. 6770 00

## Gjöld:

1. Laun kennara . . . . .	kr.	1600 00
2. Endurskoðun og eptirlit . . . . .	—	150 00
3. Til þess að járnþekja skólahúsið . . . . .	—	600 00
4. Viðhald skólahúss . . . . .	—	500 00
5. Híti, ljós og ræsting . . . . .	—	400 00
6. Bækur og áhöld . . . . .	—	300 00
7. Námsstyrkur . . . . .	—	500 00
8. Til verkl. kennslu . . . . .	—	1000 00
9. Vextir og afborgun af láni . . . . .	—	1200 00
10. Ýmisl. gjöld . . . . .	—	520 00
	Samtals	kr. 6770 00

## 30. Var þá samin og samþykkt svohljóðandi

## Áætlan

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1907:

## Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar . . . . .	kr.	200 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	—	4000 00
	Samtals	kr. 4200 00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráð . . . . .	kr.	800 00
2. Til menntamála:		
a. Kvinnaskóla Eyfirðinga . . . . .	kr.	600 00
b. — á Blönduósi . . . . .	—	400 00
c. Hólaskóla . . . . .	—	870 00
		— 1870 00
	flyt	kr. 2670 00

	flutt	kr.	2670 00	<b>96</b>
3. Tillag til Búnaðarfjel. Íslands . . . . .	—		400 00	
4. Vextir og eptirstöðvar af spítalaláni . . . . .	—		320 00	
5. Til gistihúss . . . . .	—		100 00	
6. Til undirbúningsnáms undir Hólaskóla . . . . .	—		100 00	
7. Utanfararstyrkur . . . . .	—		200 00	
8. Óviss gjöld . . . . .	—		410 00	
		Samtals	kr. 4200 00	

31. Hin venjulega matsgerð á Hólum í Hjaltadal og á búinu þar kom til amtsráðsins í lok fundarins. Forseta var falið í samráði við skólastjóra að semja skýrslu um búnaðarskólann og láta prenta hana.
32. Fulltrúar til búnaðarþings til næstu 4 ára endurkaus amtsráðið alþingism. Pjetur Jónsson á Gautlöndum.

Varafulltrúar voru kosnir:

Björn Sigfússon, Kornsa, til 2 ára.

Ólafur Briem, Álfgeirsvöllum, til 4 ára.

33. Sýslumaður Skagafjarðarsýslu hefir í brjefi dags. 1. júní þ, á. farið þess á leit, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu verði veitt leyfi til að taka að sjer ábyrgð á láni úr viðlagasjóði til rjómabúsfjelagsins »Framtíð« við Gljúfurá.

Amtsráðið veitti sýslunni heimild til að taka að sjer ábyrgð á láni til fjelagsins, allt að 2500 kr., gegn endurtrygging með ábyrgð hlutaðeigandi sveitafjelaga.

34. Reikningi dómkirkjunnar á Hólum fyrir 1905, sem kom í lok fundarins, vísaði amtsráðið til úrskurðar forseta.

Fleiri mál voru ekki borin upp á fundinum.

Gerðabók lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Ólafur Briem. Guðl. Guðmundsson.

Stefán Stefánsson. Björn Sigfússon. Árni Jónsson.

Samhljóða gjörðabók amtsráðsins.

Vottar

forseti amtsráðs Norðuramtsins 6. júlí 1906.

*Guðl. Guðmundsson.*